



Bæjarstjórn - 1169

FUNDARBOÐ

**1169. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í bæjarstjórnarsal, Hábraut 2,
23. janúar 2018 og hefst kl. 16:00**

Dagskrá:

Önnur mál fundargerðir

1. 1801005F - Bæjarráð - 2898. fundur frá 11.01.2018
Fundargerð í 7 liðum.
2. 1801013F - Bæjarráð - 2899. fundur frá 18.01.2018
Fundargerð í 14 liðum.
3. 1711017F - Forsætisnefnd - 105. fundur frá 24.11.2017
Fundargerð í 1 lið.
4. 1801001F - Forsætisnefnd - 107. fundur frá 04.01.2018
Fundargerð í 1 lið.
5. 1801014F - Forsætisnefnd - 108. fundur frá 18.01.2018
Fundargerð í 1 lið.
6. 1712019F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 233. fundur frá 28.12.2017
Fundargerð í 9 liðum.
7. 1712014F - Íþróttaráð - 78. fundur frá 12.12.2017
Fundargerð í 8 liðum.
8. 1801008F - Íþróttaráð - 79. fundur frá 11.01.2018
Fundargerð í 6 liðum.
9. 1711019F - Lista- og menningarráð - 82. fundur frá 04.01.2018
Fundargerð í 40 liðum.
10. 1801002F - Skipulagsráð - 21. fundur frá 15.01.2018
Fundargerð í 12 liðum.
- 10.4 1710517 - Langabrekka 25. Skipting einbýlishúss í tvær eignir.
Lögð fram að nýju að lokinni kynningu tillaga Helgu Guðrúnar Vilmundardóttur arkitekts fyrir hönd lóðarhafa Löngubrekku 25 þar sem óskað er eftir að skipta einbýlishúsi upp í tvær aðskildar séreignir. Uppdrættir í mkv. 1:100 og 1:500, dags. 27. september 2017. Á fundi skipulagsráðs 6. nóvember 2017 var samþykkt í

samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhöfum Löngubrekku 18, 20, 22, 23 og 27. Athugasemdafrestur er til 25. janúar 2018 en lóðarhafar hafa lagt fram undirritað samþykki lóðarhafa í grennd og þar með stytt kynningartímann í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Niðurstaða Skipulagsráð - 21

Skipulagsráð samþykkir erindið og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

- 10.5 1710174 - Fossvogsbrún, þjónustuíbúðir. Tillaga að breyttu deiliskipulagi.

Lögð fram tillaga skipulags- og byggingardeildar að breyttu deiliskipulagi við Fossvogsbrún. Í gildi er deiliskipulag Fossvogsdals, austurhluta, samþykkt í bæjarráði/bæjarstjórn 14. maí 1996. Breytingin tekur til svæðis norðaustan Fossvogsbrúnar 2. Í breytingunni felst að þar verði ný lóð, Fossvogsbrún 2a, með byggingarreit fyrir íbúðakjarna fyrir fatlaða með allt að sjö íbúðum ásamt þjónusturými. Stærð lóðarinnar er áætluð 1200 m² og stærð byggingarreits 600 m². Hámark nýtingarhlutfalls á lóðinni er verður 0,5. Aðkoma er frá Fossvogsbrún og þar sem fyrir eru tíu bílastæði, ráðgert er að fjölga þeim um fimm.

Niðurstaða Skipulagsráð - 21

Skipulagsráð samþykkir með tilvísan til 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa framlagða tillögu. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

- 10.7 1801305 - Aflakór 6. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram tillaga Krark fh. lóðarhafa að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 6 við Aflakór. Í tillögunni felst að í stað einbýlishúss verði byggt parhús á lóðinni, byggingarmagn er aukið úr 350 m² í 420 m², heimilaðar verði útbygging á efri hæð út fyrir byggingarreit 2,5 x 3,6 m á norður og suður hlið, hámarkshæð verði 6,7 m miðað við aðkomuhæð í stað 6,3m. Uppdrættir í mkv. 1:1000 og 1.500 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 11. janúar 2018.

Niðurstaða Skipulagsráð - 21

Skipulagsráð samþykkir með tilvísan til 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa framlagða tillögu. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

- 10.8 1801080 - Engihjalli 9, kynning á byggingarleyfi.

Lagt fram erindi Reynis Adamssonar arkítektis fyrir hönd húsfélagsins Engihjalla 9 dags. 12. desember 2017 þar sem óskað er eftir að fá samþykkt áðurgerða íbúð í kjalla hússins samtals um 106 m², klæða húsið með álklæðningu og bæta við svalalokunum. Uppdrættir í mkv. 1:100 ásamt undirrituðu samþykki meirihluta lóðarhafa.

Niðurstaða Skipulagsráð - 21

Skipulagsráð samþykkir framlagða tillögu og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

- 10.10 1712884 - Melgerði 11. Kynning á byggingarleyfi.

Lagt fram erindi Hauks Ásgeirssonar verkfræðings fh. lóðarhafa Melgerðis 11 að breyttu fyrirkomulagi á lóðinni. Í breytingunni felst viðbygging á tveimur hæðum við vesturhlið íbúðarhússins alls 150 m² að stærð. Fyrirhugað er að í viðbyggingunni verði tvær íbúðir, ein á hvorri hæð. Jafnframt er bílastæðum á lóðinni fjölgað úr tveimur í sex. Byggingarmagn á lóðinni hækkar úr 202,2 m² í 350,2 m² við breytinguna og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,26 í 0,46. Fjöldi íbúða eykst úr einni í þrjár. Greinargerð og uppdættir í mkv. 1:200 og 1:500 dags. 4. janúar 2018.

Niðurstaða Skipulagsráð - 21

Skipulagsráð hafnar erindinu og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

10.11 1712885 - Langabrekka 5. Kynning á byggingarleyfi.

Lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem m.a. kemur fram að þann 16. nóvember 2017 hafi verið tekið fyrir mál nr. 113/2015 þar sem kærð var ákvörðun byggingarfulltrúa Kópavogsbæjar frá 12. nóvember 2015 um synjun um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við bílskúr að Löngubrekku 5. Í úrskurðarorðum kemur fram að ákvörðun byggingarfulltrúa sé felld úr gildi.

Frá byggingarfulltrúa:

Lögð fram að nýju erindi Teiknivangs f.h. lóðarhafa dags. 22.6.2015. Óskað er eftir að byggja við bílskúr til suðurs á lóðinni Löngubrekku 5. Viðbygging er 2,5 x 7,5 metrar að stærð eða um 19 m² að grunnfleti. Hæð viðbyggingar verður 3,3 m og er 0,5 m frá lóðarmörkum við Álfhólsvæg 61. Gólfkóti viðbyggingar verður 1,3m lægri en lóðin við Álfhólsvæg 61 sbr. meðfylgjandi uppdrætti dags. 22.6.2015.

Niðurstaða Skipulagsráð - 21

Skipulagsráð hafnar erindinu og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

10.12 1403302 - Furugrund 3. Breyting á aðalskipulagi

Lögð fram að nýju tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Breytingin nær til reits VP-5, lóðarinnar nr. 3 við Furugrund þar sem verslunar- og þjónustusvæði er breytt í íbúðarsvæði. Verslun- og þjónusta auk geymslna fyrir íbúðir verður í u.þ.b. 1/3 húsnæðisins (kjallara) en íbúðir í u.þ.b. 2/3 hluta (1-2 hæð). Breyta á núverandi húsnæði að Furugrund 3 þannig að byggð verður hæð ofan á núverandi hús. Eftir breytinguna verður húsið að Furugrund 3 um 1.800 m² að samanlögðum gólfleti með allt að 12 íbúðum. Ofangreind breyting kemur til af því að innan reits VP-5 hefur verslunarstarfsemi dregist saman á undanförunum árum og færst á önnur verslunar- og þjónustusvæði meðal annars við Nýbýlaveg. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð dags. í maí 2017.

Tillagan var auglýst frá 24. október 2017 með tilvísun í 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga 123/2010 með athugasemdafrest til 11. desember 2017. Athugasemdir og ábendingar bárust.

Lögð fram umsögn skipulags- og byggingardeildar dags. 15. janúar 2018.

Niðurstaða Skipulagsráð - 21

Skipulagsráð samþykkir framlagða tillögu ásamt umsögnum í greinargerð dags. 15. janúar 2018. Vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Guðmundur Geirdal, Andrés Pétursson, Sigríður Kristjánsdóttir, Kristinn Dagur Gissurarson, Júlíus Hafstein og Hreiðar Oddsson greiða atkvæði með tillögunni.

Ása Richardsdóttir greiðir atkvæði gegn tillögunni.

Bókun frá Margréti Júlíu Rafnsdóttur:

"Breyting á aðalskipulagi Kópavogs vegna Furugrundar 3, gerir það að verkum að íbúar munu væntanlega ekki eiga möguleika í framtíðinni að geta sótt verslun innan hverfis og í göngufæri frá heimili sínu.

Þegar ný hverfi eru skipulögð, er jafnan gert ráð fyrir verslun og þjónustu innan hverfis og er það í anda sjálfbærrar þróunar, samkvæmt hugmyndafræði aðalskipulags Kópavogs og Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Þegar þjónustukjarnar rísa rétt utan hverfanna er hætta á að verslun hætti að þrífast í

hvefunum. Í þessa kjarna þurfa svo íbúar að sækja á bílum, sem er ekki í anda sjálfbærrar þróunar.

Íbúar í nágrenni Fururgrundar 3 hafa ítrekað mótmælt fyrirhugaðri breytingu á Furugrund 3 og gert fjölmargar athugasemdir og komið með tillögur. Ákjósanlegast hefði verið að Kópavogsbær hefði keypt húseignina og nýtt í þágu íbúa hverfisins. Mjög mikilvægt er að þegar hafist verður handa við að deiliskipuleggja Furugrund 3 sem íbúðarhúsnæði, að virðing verði borin fyrir nágrönnum og velferð þeirra og tekið tillit til athugasemda. Ég er mótfallinn þessari aðalskipulagsbreytingu".

Bókun frá Ásu Richardsdóttur:

"Undirrituð tekur undir með íbúum er gera þær athugasemdir að verði þessi eini atvinnureitur í hverfinu tekinn undir íbúðir verður það ekki aftur tekið.

Þétting byggðar og breyttar áherslur í skipulagi á höfuðborgarsvæðinu eru brýnar. Eitt helsta markmið breytinga er að með þeim skapist skilyrði fyrir þjónustu í nærumhverfi.

Varast skal að kjörnir fulltrúar taki ákvarðanir nú sem vinna gegn því markmiði, til lengri framtíðar.

Langt er í þjónustu fyrir flesta íbúa og aðgengi fyrir börn að verslunarþjónustu mjög slæmt. Ég hef verið á móti þessari aðalskipulagsbreytingu frá upphafi og er það enn. Ég greiði atkvæði á móti".

Fundarhlé gert kl 18:27

Fundi fram haldið kl 18:42

Bókun frá Guðmundi Geirdal, Andrésí Péturssyni, Sigríði Kristjánsdóttur, Júlíusi Hafstein, Ármann Kr. Ólafssyni og Hreiðari Oddssyni:

"Í Furugrund 3 hefur ekki þrífist verslun í tæp 10 ár þrátt fyrir tilraunir í þá veru. Nú er verið að samþykkja að hámarki 12 íbúðir í næsta nágrenni við skólana í hverfinu. Í kjölfar þess að mikill íbúðaskortur skapaðist á höfuðborgarsvæðinu hefur það verið stefna Kópavogs að fjölga litlum og meðalstórum íbúðum. Þessi stefna birtist í þverpólítískri húsnæðisskýrslu bæjarins, aðalskipulagi Kópavogsbæjar og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Þessi niðurstaða er einnig fengin eftir fjölda samráðsfunda með íbúum hverfisins".

Kristinn Dagur Gissurnarson tekur undir bókunina.

11. 1712016F - Velferðarráð - 21. fundur frá 08.01.2018

Fundargerð í 7 liðum.

12. 1801336 - Fundargerð 452. fundar stjórnar SSH frá 8.1.2018

Fundargerð í 4 liðum.

13. 1801109 - Fundargerð 278. fundar stjórnar Strætó bs. frá 12.12.2017

Fundargerð í 3 liðum.

14. 1801278 - Fundargerð 279. fundar stjórnar Strætó bs. frá 05.01.2018

Fundargerð í 5 liðum.

Jafnframt eru lögð fram tvö fylgigögn, annars vegar áhættumat vagna hjá Strætó og hins vegar bókun frá fundi hverfisráðs Grafarvogs þann 19. desember sl.

Önnur mál

15. 1711162 - Urðarhvarf 12, umsókn um lóð.

Bæjarstjórn - 1169 23. janúar 2018

Frá lögfræðideild, dags. 18. desember, lögð fram umsögn varðandi umsókn um lóðina Urðarhvarf 12 frá Módís ehf. Lagt er til að bæjarráð samþykki úthlutun lóðarinnar til umsækjanda, enda fellur umsóknin að kröfum Kópavogsbæjar fyrir úthlutun.

Páll Magnússon, bæjarritari.